

FUNDARGERÐ

Árið 2017, miðvikudaginn 27. október kl. 9:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Kristján Andri Guðjónsson, Ólafur Þór Ólafsson, og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Daníel Kára Snorrassyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Jafnframt var nefndarmaðurinn Sigríður Huld Jónsdóttir á símafundi.

Að auki sat fundinn Róbert Ragnarsson ráðgjafi þegar fjallað var um skýrslu um rekstur og fjármögnun Skálatúns.

Nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir og Bjarni Jónsson boðaði forföll.

Karen yfirgaf fundinn kl. 12:30.

Birgir Björn yfirgaf fundinn kl. 13.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 4. október

Lögð var fram fundargerð frá 4. október 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2018

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 747 ma.kr., að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2017 verði um 1.427 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2018 verði um 1.525 ma.kr.

Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 samþykkt án athugasemda.

3. INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. október 2017 ásamt bréfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga dags. 19. október 2017.

Í erindi Innheimtustofnunar kemur fram áætlun um innheimtu meðlaga og áætlaða fjárþörf úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2018. Stofnunin áætlar að innheimt meðlög nemi alls um 3.900 m.kr. og að áætluð fjárþörf úr Jöfnunarsjóði nemi um 440 m.kr. á árinu 2018.

Nefndin samþykkti framlagða áætlun Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2018 um 440 m.kr. áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði.

4. SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. október 2017 og bréf samstarfsnefndar sveitarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi vegna sameiningar Grundarfjarðabæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar. Að auki voru lykiltölur úr ársreikningum Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2016 lagt fram.

Í erindi sveitarfélaganna er óskað eftir framlagi á grundvelli 2. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Í minnisblaðinu kemur fram að venja er að taka endanlega afstöðu til skuldajöfnunarframlaga þegar sameining hefur verið samþykkt. Á hinn bóginn er spurning hvort ráðgjafarnefndin vilji gefa samstarfsnefndinni vísbendingu um útreikning skuldajöfnunarframlaga með fyrirvara um mat eigna og skuldbindinga.

Fram komu hugmyndir að breyttum aðferðum við útreikning skuldajöfnunarframlaganna en jafnframt voru nefndarmenn sammála um að gera ekki breytingu á tilhögun útreikninganna í miðju sameiningarferli.

Samþykkti nefndin að sveitarfélögunum yrði gerð grein fyrir áætlunum útreikningum að skuldajöfnunarframlagi við sameiningu sveitarfélaganna.

5. FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFÐLEIKA SVEITARFÉLAGA

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. október 2017, vegna umsóknar Reykjanesbæjar um framlög frá Jöfnunarsjóði og samantekt kostnaðar vegna endurskipulagningar fjármála Reykjanesbæjar.

Fram kemur í umsókninni að nú sé fjárhagslegri endurskipulagningu Reykjanesbæjar lokið og óskað er eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði fyrir Reykjanesbæ að upphæð 205 m.kr. án vsk. Að auki hefur Reykjaneshöfn verið að greiða reikninga vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar og er óskað eftir framlagi fyrir hönd Reykjaneshafnar að upphæð 34 m.kr.

Nefndin ákvað að óska eftir álit eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um hvernig staðið hefur verið að fjárhagslegri endurskipulagningu Reykjanesbæjar. Ekki verður tekin ákvörðun varðandi umsókn Reykjanesbæjar fyrr en að því loknu.

6. SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA Greinargerðir sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. okt. sl. og bréf frá öllum átta landshlutasamtökunum ásamt greinargerðum um verkefnalýsingu og kostnaðaráætlun verkefna.

Fram kemur í minnisblaðinu að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs hafi á fundi sínum þann 31. mars 2017 samþykkt tillögu um að ráðstafa 34 m.kr. á árinu 2017 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna í verkefni tengd sóknaráætlun.

Eftir að nefndin hafði yfirfarið greinargerðir landshlutasamtakanna samþykkti nefndin að veita 34 m.kr. til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna framlaga til sérstakra verkefna skv. heimild í f. lið 7.gr., sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

7. ÚTHLUTUN TEKJUJÖFNUNARFRAMLAGA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2017

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2017.

Með framlögum fer fram jöfnun á tekjum sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarksstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera sem hér segir:

- a. Reykjavík
- b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
- c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Við útreikning framlaganna eru eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar:

1. Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2017, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
2. Hámarksálagning útsvars er 14,52%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,99% vegna yfirfærslu málefna fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2017 vegna álagningar 2016 er því 12,76%.
3. Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b. lið 1,320% og skv. c. lið 1,65%.
4. Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að upphæð 4.283.970.141 kr.
5. Samkvæmt reglugerðinni eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi, miðað við fullnýtingu tekjustofna, er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki sveitarfélaga skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
6. Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga samkvæmt d-lið, með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga samkvæmt c-lið, með 300 - 11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa þar í þéttbýli.
7. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa er meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa

veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiða til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópanna.

8. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins er lagt til að jafnað verði að 96,45% að meðaltali á hvern íbúa og áætlað tekjujöfnunarframlag nemi 1.250 m.kr. á árinu 2017.

Á grundvelli ákvæða í 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, koma $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins til greiðslu í október. Uppgjör framlaganna fer fram í desember á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

8. ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG Hækkun framlaga 2017

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um hækkun útgjaldajöfnunarframlaga fyrir árið 2017 í ljósi stöðu sjóðsins á árinu á grundvelli greiðslu og rekstraráætlunar ársins 2017.

Nefndin samþykkti án athugasemda að hækka útgjaldajöfnunarframlög um 500.000.000 kr. fyrir árið 2017.

9. ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG Tillaga að áætlaðri úthlutun 2018

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2018, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 9.250 m. kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 8.650 m.k. samkvæmt A-hluta. Jafnframt er áætlað að úthlutun til B-hluta framlaganna sem er skólaakstur úr dreifbýli nemi 575 m.kr. á árinu 2018.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

1. Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2017.
2. Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2017.
3. Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi
4. júlí 2017.
5. Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2015, 1. jan. 2016, 1. jan. 2017 og 1. júlí 2017 vegna íbúafækkunarframlaga.
6. Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í október
7. 2017 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2017 vegna tekjuskerðingar.
8. Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er sem hér segir:
 - a. Reykjavík
 - b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
 - c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
 - d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

1. Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2017.

Með hliðsjón af því hve fá sveitarfélög uppfylla skilyrði til framlags vegna fækkunar íbúa, þegar miðað er við íbúatölur 1. júlí 2017, er lagt til að þeim sveitarfélögum sem reiknast með mjög há framlög vegna fækkunar verði gert viðvart og þeim gerð grein fyrir hugsanlegri lækkun framlaganna við endurskoðaða áætlun í febrúar.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar nú kæmi áætlað útgjaldajöfnunarframlag á árinu 2017 á grundvelli 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010 samtals að fjárhæð 8.650 m.kr. skv. A-hluta og 575 m.kr. skv. B-hluta.

Áætlunin verður tekin til endurskoðunar í febrúar 2018 á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2018 og endanlegs álagningarstofns útsvars fyrir árið 2016.

10. GREIÐSLA VEGNA TEKNA AF BANKSKATTI

Seinni greiðsla sem byggir á útsvari sveitarfélaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu framlagi vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki, samtals að fjárhæð 650 m.kr.

Fram kemur í minnisblaði sem lagt var fram að af þessum 650 m.kr. hafa 550 m.kr. þegar verið greiddar hlutfallslega milli sveitarfélaga í samræmi við áætlaða hlutdeild þeirra í álögðu heildarútsvari á árinu 2016 skv. áætlun ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs. Samkvæmt reglugerðinni skyldu eftirstöðvar framlagsins, samtals 100 m.kr., ekki gerðar upp fyrir en álagt heildarútsvar ársins 2016 lægi fyrir.

Nefndin samþykkir án athugasemda 100 m.kr. framlag vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki skv. reglugerð 570/2017.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

11. DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2018

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna yfirfærslu grunnskólans 2018.

12. ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2018

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2018, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 8.200 m.kr. á árinu 2018. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjörðs framlaga fyrir árið 2016 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 8.260 m.kr. á árinu 2018.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2018:

1. Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2017.
2. Upplýsingar um skólagerð.
3. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2017.
4. Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2016 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2017.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2018 samtals að fjárhæð 8.260 m.kr.

13. FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA GRUNNSKÓLABARNA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. október 2017 ásamt yfirlitum yfir útreikninga áætlaðra framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda fjárhagsárið 2018.

Í minnisblaðinu koma fram upplýsingar og forsendur sem liggja til grundvallar áætluðu útreiknuðu framlagi vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2018. Jöfnunarsjóði bárust umsóknir vegna 978 fatlaðra nemenda vegna ársins 2018. Þar af féllu 539 nemendur undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, 69 nemendur féllu ekki undir viðmið sjóðsins og umsóknir vegna 370 nemenda eru í bið.

Gert er ráð fyrir áætlaðri viðbót vegna viðmiðunarstigs I að fjárhæð 104 m.kr. eða 40 einstaklinga og áætlaðri viðbót vegna viðmiðunarstigs II að fjárhæð 263,2 m.kr. eða vegna 195 einstaklinga.

Nefndin samþykkir án athugasemda áætlun framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar samtals að fjárhæð 810.150.000 kr. Framlag til Reykjavíkurborgar er áætlað 1.330.257.000 kr. Jafnframt er samþykkt viðbót einstaklinga sem bíða greininga að fjárhæð 367.250.000. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2018 nema samtals 2.507.657.000

14. FRAMLÖG VEGNA NÝBÚAFRÆÐSLU

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. október 2017 ásamt yfirliti yfir áætlað framlag vegna nýbúufræðslu vegna fjárhagsársins 2018.

Jöfnunarsjóði hafa borist umsóknir frá verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúufræðslu vegna 2.487 nemenda með íslensku sem annað tungumál. Þar af er áætlað að 2.419 nemendur komi til með að falla undir viðmið sjóðsins. Forsendur fyrir greiðslum sjóðsins eru að þeir nemendur sem njóta sérstakrar íslenskukennslu sé að finna í Þjóðskrá og eigi lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið. Undanfarin ár hefur viðbótarframlagið, sem greitt er vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga, numið 130.000 kr. á ársgrundvelli á hvern nemenda. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2018, skv. 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

Nefndin samþykkti að umfjöllun lokinni tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2018 samtals að fjárhæð 314,5 m.kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

15. DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2018

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 vegna yfirlýsingar á málefnum fatlaðs fólks.

Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 vegna yfirlýsingar á málefnum fatlaðs fólks.

16. ALMENN FRAMLÖG VEGNA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS 2018

Framlög ársins 2018

Lagðir voru fram útreikningar á mögulegum breytingum á regluverki framlaganna fyrir árið 2018.

Ákveðið var að fara betur yfir þessi atriði á næsta fundi.

17. ERINDI FRÁ ÞJÓNUSTUVÆÐI VESTURLANDS

Umsókn um framlag vegna þróunarverkefnis

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. október 2017, bréf frá velferðar- og mannréttindarsviði Akraneskaupstaðar dags. 17. október 2017 og umsókn um framlag úr Jöfnunarsjóði frá þjónusturáði fyrir þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlað fólk.

Fram kemur í minnisblaðinu að sótt er um framlag frá Jöfnunarsjóði vegna vinnu á innra eftirliti og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á Vesturlandi. Umsóknin byggist á heimild í 4. gr. reglugerðar nr. 635/2017 um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017. Lögð er fram verkefnalýsing ásamt kostnaðaráætlun verkefnisins, sem hljóðar upp á rúmar 11,5 m.kr.

Lagt fram til kynningar og ákvað nefndin að fresta afgreiðslu málsins og afla frekari upplýsinga um málið.

18. VISTHEIMILIÐ BJARG

Fjármögnun 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. október 2017 og bréf frá velferðarráðuneytinu dags. 11. október 2017.

Fram kemur í minnisblaðinu að Hjálpræðisherinn sjái um rekstur vistheimiliðs Bjargs á Seltjarnarnesi og byggjast framlög til Hjálpræðishersins vegna Bjargs á framlagi úr Jöfnunarsjóði sem aftur byggist á verkaskiptasamningi ríkis og sveitarfélaga vegna eflingar tónlistarfræðslu. Fram kemur að árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði til Bjargs nemi 63,3 m.kr. og ljóst þykir að fjárhagslegar forsendur rekstrarins eru ekki til staðar.

Í erindi ráðuneytisins er lagt til að framlag Jöfnunarsjóðs verði framreiknað til ársins 2017 við úthlutun framlagsins á árinu 2018.

Ráðgjafarnefndin tók jákvætt í hækkun framlaganna á árinu 2018 en lagði á það áherslu að finna þurfi langtímalausn á málefnum vistheimilisins Bjargs og að ekki sé hægt að horfa lengra en til næsta árs þar sem verkaskiptasamningur ríkis og sveitarfélaga rennur út í lok næsta árs.

19. SKÁLATÚN

Skýrsla um rekstur og fjármögnun

Róbert Ragnarsson ráðgjafi fór yfir drög að skýrslu um úttekt á rekstri og fjármögnun á Skálatúns í Mosfellsbæ.

Fram kom meðal annars í máli Róberts að Mosfellsbær ætli ekki að bæta við auknu fjármagni í málaflokk fatlaðs fólks umfram þau framlög sem berist frá ríkinu og að ólíklegt sé að aðilar muni skrifa undir nýtt samkomulag miðað við fjárhagslegar forsendur.

Jafnframt kom fram að samningar sveitarfélaga og fleiri sjálfseignastofnana séu lausir og þurfa sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir og ríki að nálgast verkefnið með heildstæðum hætti. Meðal annars þurfi dómsmálaráðuneytið að koma að málum vegna einstaklinga í öryggisvistun. Þá þurfi velferðarráðuneytið að koma að málum vegna einstaklinga sem veita þarf þjónustu á grundvelli heilbrigðisþjónustu.

Ákveðið var að vinna áfram með tillögurnar sem fram komu í skýrslunni í samvinnu við þá aðila sem að málinu koma.

20. ÖNNUR MÁL

Næsti fundur

Næsti fundur ráðgjafarnefndar var ákveðinn 17. nóvember kl. 12:15

Guðný Sverrisdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Kristján Andri Guðjónsson

Ólafur Þór Ólafsson

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson